

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

„Frumvarp til laga um menningarframlag streymisveitna til eflingar íslenskrri menningu og íslenskrri tungu“

Nr. S-103/2924 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

1. ÞÁTTTAKA

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar	Daníel Guðrúnarson Hrafinkelsson	Félag réttthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK), Motion Pictures Association, Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), Samtök kvikmyndaleikstjóra á Íslandi, STEF, Sýn hf. og Viðskiptaráð Íslands.
Samtals	1	7

Menningar- og viðskiptaráðuneytið birti drög að frumvarpi til laga um menningarframlag streymisveitna til eflingar íslenskrri menningu og íslenskrri tungu í samráðsgátt stjórnvalda 21. maí 2024, mál nr. S-103/2024.

Opið var fyrir umsagnir til 9. júní 2024 eða í tæplega þrjár vikur. Átta umsagnir bárust í gáttina fyrir þann tíma, frá átta umsagnaraðilum, en þar af voru sjö hagaðilar, samtök hagaðila og önnur hagsmunasamtök og einn einstaklingur.

Lista yfir þá sem fengu boð um að senda inn umsögn er að finna inn á málinu. Önnur skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3742>

Innlendir umsagnaraðilar eru almennt sammála um að samkeppni á fjölmiðlamarkaði hafi harðnað með tilkomu erlendra streymisþjónusta til landsins og að brýnt sé að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra miðla. Almennt fagna flestir innlendir umsagnaraðilar frumvarpinu og telja það stuðla það að jafnari samkeppnisstöðu við erlendar streymisveitur. Einn innlendir umsagnaraðili, Viðskiptaráð, lýsir yfir efasemdum um að menningarframlag streymisveitna sé best til þess fallið að jafna samkeppnisstöðuna og telur farsælla að bæta rekstrarumhverfi innlendra fjölmiðla. Framleiðendur og kvikmyndaleikstjórar lýsa yfir ánægju sinni með frumvarpið og telja mikilvægt að tryggja að úthlutanir úr úthlutunarsjóði renni til sjálfstæðra framleiðenda. Að sama skapi telja umsagnaraðilar sem starfa á fjölmiðlamarkaði, sem og STEF og Viðskiptaráð, mikilvægt að tryggja að allir sem greiða menningarframlag, hvort heldur sem er í formi beinnar fjárfestingar eða fjárframlags, geti sótt um úthlutun úr úthlutunarsjóði.

Erlendur umsagnaraðili, sem er í fyrirsvari fyrir erlendar streymisveitur, telur að kröfur um íslenskt mál eða aðra íslenska menningarlega eða samfélagslega skírskotun samræmist ekki fyllilega hljóð- og myndmiðlunartilskipun 2010/13/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2018/1808/ESB og bendir á mikilvægi þess að gætt verði að sjónarmiðum um meðalhóf við lagasetningu. Jafnframt þurfi að tryggja bann við mismunun við úthlutun úr úthlutunarsjóði. Þá koma fram sjónarmið um að túlka eigi m.a. hugtakið „bein fjárfesting“ með víðum hætti, auk annarra sjónarmiða sem rakin eru hér að neðan.

Að umsagnarfresti liðnum var unnin ítarleg samantekt um sjónarmið þátttakenda, sem fylgir hér á eftir.

Frumvarpið fór að því búnu til frekari vinnslu í ráðuneytinu og í tilkynningaferli til Eftirlitsstofnunar EFTA en var ekki lagt fram á vorþingi 2024. Frumvarpið er á þingmálaskrá ríkisstjórnar 2024-2025 en ekki liggur fyrir hvenær frumvarpið, að breyttu breytanda, verði lagt fram á Alþingi.

2. YFIRLIT UMSAGNA

Hér á eftir er yfirlit yfir umsagnir sem bárust í samráðsgátt. Eingöngu er fjallað um þær aðgerðir sem umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við.

Daníel Guðrúnarson Hrafnkelsson

Daníel Guðrúnarson Hrafnkelsson telur að ekki eigi að bitna á streymisveitum að íslenska ríkið sé að verða gjaldþrota, eins og það er orðað í umsögn hans um frumvarpið. Í umsögninni er m.a. lagt til að laun ótilgreindra ríkisstarfsmanna verði lækkuð og greiðslur til öryrkja hækkaðar.

Félag réttthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK)

Félag réttthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK) bendir á að undanfarin ár hafi samkeppni á markaðnum harðnað verulega með tilkomu erlendra streymisþjónusta til landsins. Aðildarfélag FRÍSK fagni samkeppni sé hún háð á jafnréttisgrundvelli en því miður virðist svo ekki vera. Í umsögn FRÍSK er vísað til þess að erlendar streymisveitur með starfsemi hérlendis beri ekki sömu lagaskyldur og innlendir aðilar, t.d. um kvikmyndaskoðun og textun og talsetningu á íslensku. Þessar kvaðir feli í sér kostnað fyrir aðildarfélag FRÍSK sem erlendar veitur beri ekki. Aðildarfélag FRÍSK eyði árlega um 500 milljónum kr. í þýðingu, textun og talsetningu kvikmynda og sjónvarpsefnis sem sýnt sé í kvikmyndahúsum, sjónvarpsstöðvum og í streymisþjónustu sjónvarpstöðva, þar með talið í barnaefni sem talsett sé á íslensku. Án aðildarfélaga FRÍSK muni talsetning og textun á kvikmyndum og sjónvarpsþáttum minnka og, á einhverjum tímum, hverfa. Í umsögn sinni ítrekar FRÍSK fyrri óskir sínar um að stofnaður verði sérstakur sjóður sem aðildarfélag FRÍSK, og aðrar streymisveitur með starfsemi hér á landi, geti sótt um í til að talsetja og texta efni á íslensku.

Motion Pictures Association (MPA)

Motion Pictures Association er í forsvari fyrir alþjóðleg fjölmiðlafyrirtæki sem reka streymisveitur, þar á meðal Walt Disney Studios Pictures, Netflix Studios LLC, Paramount Pictures Corporation, Sony Pictures Entertainment Inc., Universal City Studios LLC and Warner Bros. Discovery.

Í ítarlegri umsögn sinni bendir MPA m.a. á að ákvörðun um hlutfall menningarframlags þurfi að samræmast sjónarmiðum um meðalhóf og bann við mismunun. Til séu mildari aðferðir til að ná sama markmiði og stuðla að sjálfbærri langtímafjárfestingu. Þá gerir MPA eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

- Ekki komi fram hvernig sjónarmið um meðalhóf hafi verið höfð til hliðsjónar við gerð frumvarpsins. Ekki fylgi rökstuðningur eða mat á áhrifum þeirrar ákvörðunar að menningarframlag verði 5% af áskriftartekjum streymisveitna á ársgrundvelli.
- Gæta þurfi að samræmi við hljóð- og myndmiðlunartilskipun 2010/13/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2018/1808/ESB. Ekki samræmist tilskipuninni að gera kröfur um að menningarframlag í formi beinnar fjárfestingar verði að vera í efni sem sé að lágmarki 75% á íslensku, að tiltekið hlutfall framleiðslukostnaðar verði að vera greitt á Íslandi eða að tiltekið hlutfall af upptökum viðkomandi efnis fari fram á Íslandi. Menningarframlag eigi að renna til fjárfestingar í evrópsku efni, samkvæmt tilskipuninni og hafi framkvæmdastjórn ESB margsinnis gert þær athugasemdir við sambærileg lagafrumvörp í öðrum EES-ríkjum.
- Vísað er til athugasemda framkvæmdastjórnar ESB við sambærilegt danskt frumvarp. Hafi framkvæmdastjórnin þar lýst því sjónarmiði að reynst geti erfitt að meta og hafa eftirlit með því að myndefni uppfylli skilyrði um að 75% talaðs máls sé á tilteknu tungumáli (dönsku). Hafa verði í huga að ekki henti í öllum tilfellum að framleiða myndefni á mörgum tungumálum. Þá sé líklegt að hlutfall dönsku í töluðu máli verði ennþá hærra en 75% og þetta háa hlutfall þurfi að réttlæta og tryggja að það samræmist sjónarmiðum um meðalhóf. Framkvæmdastjórn ESB

hafi einnig talið að réttlæta þurfi kröfur um að hátt hlutfall (50%) upptakna fari fram þar í landi og að tiltekið hlutfall kostnaðar (50%) falli til þar í landi. Þurfi slíkar kröfur að samræmast sjónarmiðum um meðalhóf.

- Viðbótarkröfur um að hlutfall efnis verði að vera á tilteknu tungumáli feli í sér mismunun og fari gegn reglum Evrópuréttar um frelsi á innri markaði, einkum staðfesturétti og þjónustufrelsi. Frumvarpið kunnir að veita streymisveitum og framleiðslufyrirtækjum sem eru íslensk, hafa íslensku að megingtungumáli og eru staðsett á Íslandi, forskot fram yfir erlend fyrirtæki með staðfestu í öðrum ríkjum. Erlendu fyrirtækin verði að leggja í sérstakar aðgerðir til að mæta nýjum kröfum. Kröfurnar feli einnig í sér takmarkanir fyrir íslenska framleiðendur sem vilji staðsetja framleiðsluna í Evrópu, t.d. taka upp íslenskar kvikmyndir í Noregi.
- Tryggja verði jafnt aðgengi að úthlutunarsjóði, með hliðsjón af meginreglu um bann við mismunun
- Fjárfestingarskylda tryggir ekki að fjárfesting í efni verði viðunandi.
- MPA telur jákvætt að gert sé ráð fyrir undantekningum vegna fárra áhorfenda og lágrar veltu og að einnig sé gert ráð fyrir að veitt verði undanþága frá skyldu til greiðslu menningarframlags, þegar eðli eða innihald þjónustunnar gefur til kynna að skyldan sé óframkvæmanleg eða óraunhæf.
- MPA telur jákvætt að unnt sé að dreifa viðamiklum fjárfestingum á þriggja ára tímabil og uppfylla þannig skilyrðin öll árin en telur um leið að tímabilið þurfi að vera lengra, t.d. 5 ár. Það skapi hvata til stærri framleiðsluverkefna og geti stuðlað að aukinni útbreiðslu íslenskra verka.
- Mikilvægt sé að túlka hugtakið „bein fjárfesting“ vítt og skilgreina beinar fjárfestingar sem fjárfestingar í fjölbreyttu efni; hvers kyns samframleiðslu, útvistun framleiðslu á efni, öflun réttinda á m.a. kvikmyndum, þáttaröðum og heimildarmyndum, óháð því í hvaða undirflokk efnið fellur að öðru leyti, þ.m.t. fjárfestingar í raunveruleikapáttum, gamanþáttum og leiknu efni. Einnig ætti að vera unnt að reikna kostnað vegna fjárfestinga, eins og markaðssetningar, dreifingar og fjárfestingar í þjálfun, innviðum o.fl. sem hluta af beinni fjárfestingu í hljóð- og myndefni.
- Framlög úr úthlutunarsjóði ættu að styðja við framleiðslu allra tegunda kvikmynda og sjónvarpsþáttaraða.
- Gera ætti fleiri undantekningar frá gildissviðinu, sambærilegar þeim sem gerðar eru vegna streymisveitna sem eingöngu senda út íþróttir og fréttabætti. T.d. ætti að vera heimilt að draga tekjur af fréttar- og íþróttatengdu í efnisskrám í VOD-þjónustum frá þeirri upphæð sem menningarframlagið reiknast af. Þá ætti upphæð menningarframlags að byggjast á hagnaði (net revenues) en ekki af heildartekjum eins og raunin sé í frumvarpsdrögunum. Taka verði tillit til þess að ekki sé alltaf hagnaður af starfsemi

Í umsögn MPA er á það bent að íslensk stjórnvöld þurfi að taka með í reikninginn aðrar breytur sem styrkt geti hljóð- og myndmiðla innan ramma um fjárhagslegar skuldbindingar: Að vernda samningsfrelsi, gæta þess að markaðsaðilum gefist tími til aðlögunar vegna fyrirhugaðra breytinga og leyfa fjölmíðlum innan sömu fyrirtækjasamstæðu að skila sameiginlegum fjárfestingarupplýsingum sem lagðar verði til grundvallar útreiknings á menningarframlagi.

Þá þurfi að tryggja að frumvarpið samræmist skuldbindingum íslenska ríkisins á sviði OECD, þ.e. samkomulagi sem OECD-ríkin samþykktu 2021 um að vinna að sameiginlegri lausn á sviði stafræna þjónustuskatta.

Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK)

Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, SÍK, lýsa mikilli ánægju með frumvarpið. Í umsögn samtakanna kemur fram að SÍK hafi um árabíl talað fyrir innleiðingu heimildar um gjaldtöku á erlendar streymisveitur, líkt og tilskipun 2018/1808 kveði á um. SÍK hafi vakið athygli á mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld nýti slíka heimild og hafi átt gott samtal við ráðuneytið sem og starfshóp um gjaldtöku á streymisveitur vegna málsins. Bent er á að áhorfsvenjur einstaklinga hafi breyst með tilkomu streymisveitna og að sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur standi frammi fyrir breyttu starfsumhverfi

við framleiðslu og dreifingu á efni, þar sem streymisveitur séu farnar að framleiða eigið efni og/eða gera kröfur um að sjálfstæðir framleiðendur afsali sér höfundarétti sínum gegn greiðslu. Núverandi umhverfi geri sjálfstæðum framleiðendum erfitt fyrir og áhyggjuefni sé að framleiðsla efnis undir nafni fárra streymisveitna verði einsleit og með minni skírskotun í íslenska menningu. Sérstakt fagnaðarefni sé að markmið frumvarpsins sé að auka stuðning við framleiðslu íslenskra kvikmynda, sjónvarpsþátta og heimildarmynda sem séu á íslensku eða hafi aðra íslenska, menningarlega og samfélagslega skírskotun.

SÍK leggur áherslu á að tryggt verði að menningarframlag renni í Kvikmyndasjóð með það að markmiði að efla íslenska sjónvarps- og kvikmyndagerða. SÍK leggur til að hlutfall menningarframlags verði hækkað af 10% af árlegri veltu að undanskildum þeim streymisveitum sem fjárfesta fyrir 10% í framleiðslu á íslensku efni á ársgrundvelli.

Á það er bent að í dönskum lögum sem samþykkt hafi verið í desember 2023 og tekið hafi gildi 15. janúar 2024* sé tekið fram að streymisveitur sem greiði menningarframlag geti sótt um stuðning, til framleiðslu nýs dansks hljóð- og myndmiðlunarefnis frá úthlutunarsjóðum menningarframlags, séu þær í samstarfi við sjálfstæðan framleiðanda. Eigi þetta jafnt við um streymisþjónustur sem staðsettar eru í Danmörku eða öðru ESB-ríki.

SÍK áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld standi vörð um sjálfstæða framleiðslu með vísan til að þess að sjálfstæðum framleiðendum, sem hafa kvikmyndagerð að meginstarfi, sé einum heimilt að sækja um í Kvikmyndasjóð en forsendur þar að baki séu grundvallarsjónarmið um lýðræði og menningarlega fjölbreytni fyrir almenning. Þá eru stjórnvöld hvött til þess að halda áfram góðu samráði við hagaðila.

**Athugasemd menningar- og viðskiptaráðuneytis: Lögin sem hér er vísað til voru síðar felld úr gildi í Danmörku, vegna stjórnsýslumistaka, og nýtt frumvarp sama efnis lagt fram á danska þinginu. Gildandi lög um menningarframlag streymisveitna ([Lov om visse medietjenesteudbyderes bidrag til fremme af dansk kultur \(kulturbidragsloven\)](#)) tóku gildi 30. maí 2024 í Danmörku.*

Samtök kvikmyndaleikstjóra á Íslandi

Samtök kvikmyndaleikstjóra á Íslandi fagna því að hluti tekna streymisveitna eigi að renna til innlendrar framleiðslu. Benda samtökin á að ekki sé vanþörf á, þar sem kvikmyndasjóður stefni í að vera skorinn niður um tæpan helming síðan 2021 og innlend kvikmynda- og sjónvarpsframleiðsla eigi undir högg að sækja gagnvart miklu framboði á erlendu efni. Í umsögn samtakanna segir að mikilvægt sé að leita allra leiða til að snúa þeirri þróun við að innlend framleiðsla stefni í tímabil vanfjármögnunar og vanþróunar.

Samtökin segja mikilvægt að grundvallarmarkmiði frumvarpsins sé haldið til haga, sem snúi að því að framleiða kvikmyndir og sjónvarpsefni sem „komi úr íslensku samfélagi, skapað af höfundum og leikstjórum á Íslandi sem segi sögur sprottnar úr okkar menningu.“

Samtökin varar við því að streymisveitur fái að hafa þau áhrif á frumvarpið að menningarframlagið verði nýtt til að framleiða efni undir þeirra „eigin hatti“ sem ekki lúti ekki skapandi stjórn íslenskra kvikmyndahöfunda. Samtökin hvetja jafnframt ráðuneytið til að girða fyrir þann möguleika að streymisrisar geti nýtt menningarframlagið til að láta innlend dótturfélög framleiða efni sem sé að grunni til erlent efnis og njóti ekki skapandi stjórnar íslenskra höfunda og kvikmyndagerðarfólks. Benda samtökin á að það sé ekki markmiðið með menningarframlaginu, heldur skuli það styðja ótvírætt við íslenska kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð og þar skipti íslenskt sköpunarvald og höfundarödd miklu máli.

STEF

Í umsögn STEFs kemur fram að STEF sé hlynnt innleiðingu 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2018/1808/ESB. Bent er á að bæði Noregur og Danmörk hafi valið að innleiða ákvæðið og ljóst sé að hér á landi sé enn meiri þörf til að hvetja til framleiðslu efnis á íslensku en í þessum löndum. Því sé rétt að Ísland nýti sér öll þau tæki og tól sem möguleg eru í þessu sambandi.

STEF bendir á að orðalag í 1. gr. frumvarpsins, „framleiðsla kvikmynda ... sem eru á íslensku eða hafa aðra íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun“ sé ekki í fullu samræmi við ákvæði 3. gr.

sem kveður á um að innlent efni sé það efni sem sé að lágmarki 75% á íslensku og uppfylli þar að auki aðra af þeim kröfum að meirihluti framleiðslukostnaðar sé greitt á Íslandi eða að meirihluti upptaka efnis fari fram á Íslandi. Þannig virðist krafan um efni á íslensku alltaf vera ófrávikjanleg skv. 3. gr. og ekki nægilegt að efni hafi aðra íslenska menningarlega eða samfélagslega skírskotun.

Einnig bendir STEF á að heppilegt væri að a.m.k. í greinargerð frumvarpsins kæmi fram sú skýring að við mat á því hvaða efni teljist vera á íslensku verði einnig metið efni í textum þeirrar tónlistar sem heyrst í viðkomandi myndefni. Gæti slíkt orðið til þess að innlendar sem erlendar streymisveitur kysu fremur að nota íslenska tónlist í þá framleiðslu sem þessar veitur kjósa að fjárfesta í, til að uppfylla skilyrði laganna.

Þá telur STEF að taka megir undir þau sjónarmið sem heyrst hafi um að eðlilegt sé að innlendar streymisveitur, sem nú þegar uppfylla skilyrði um fjárfestingu í innlendu efni og greiði því ekki menningarframlag til Kvikmyndasjóðs, geti einnig sótt um styrki í viðkomandi styrktarflokki sjóðsins.

Sýn hf.

Sýn hf. fagnar frumvarpinu heilt yfir, enda stuðli það að jafnari samkeppnisstöðu við erlendar streymisveitur og sé í samræmi við fyrri umsagnir sem félagið hafi veitt. Bendir Sýn á að frumvarpið sé í samræmi við eina af þremur tillögum starfshóps um gjaldtöku á erlendar streymisveitur og tæknifyrirtæki og beinir því til stjórnvalda að fylgja eftir öllum tillögum starfshópsins.

Um einstök ákvæði frumvarpsins vísar Sýn í almenna umfjöllun í greinargerð frumvarpsins, þar sem fram kemur að verði frumvarpið að lögum sé nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á reglugerð um Kvikmyndasjóð. Eigi breytingarnar að miða að því að innlendum og erlendum streymisveitum sem greiða í sjóðinn verði heimilt að sækja um úthlutun fjármuna tilteknum styrktarflokki sjóðsins, með fyrirvara um að slík úthlutun samræmist reglum um ríkisstyrki, án mismununar. Sýn fagni þessum áformum en telji frumvarpstextann sjálfan ekki tryggja nægilega að félagið muni eiga þess kost að sækja um úthlutun úr þessum tiltekna styrktarflokki sjóðsins, án mismununar. Raunar telji Sýn hf. að áformuð breyting eigi að ganga lengra, þannig að reglan um að sjónvarpsstöð megi ekki vera með ráðandi eignarhlut á framleiðslunni, né heldur megi sjónvarpsstöðin vera með ráðandi eignarhlut í sjálfstæðu framleiðslufyrirtæki sem sækir um styrk vegna leikins sjónvarpsefnis, verði alfarið felld út úr reglugerð um Kvikmyndasjóð. Í öllu falli sé nauðsynlegt að gera breytingar á orðalagi 5. gr. frumvarpsins, þannig að streymisveitur sem velja þann kost að inna menningarframlag af hendi með beinni fjárfestingu í framleiðslu á innlendu hljóð- og myndefni í skilningi laganna, eigi þess kost að sækja um framlag úr hinum nýja styrktarflokki Kvikmyndasjóðs. Einsýnt sé að 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar geri ekki greinarmun á fjárframlögum, hvort heldur þau séu innt af hendi með beinni fjárfestingu eða gjaldtöku. Er um það vísað til orðalags ákvæðis 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar. Leggi Sýn til að orðalagi 2. mgr. 5. gr. verði breytt til samræmis við tilskipunina þannig að í staðinn fyrir orðin „greiða í Kvikmyndasjóð“ komi „inna af hendi menningarframlag“.

Í umsögn Sýnar er þess loks farið á leit, að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á: a. fyrirbyggjandi frumvarpi, b. lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (sjá sjónarmið Sýnar hf. undir „Aðrar athugasemdir“).

Viðskiptaráð Íslands

Viðskiptaráð Íslands telur brýnt að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra miðla. Ráðið lýsir hins vegar yfir efasemdum um að menningarframlag streymisveitna sé best til þess fallið. Þó að vissulega fjölgi í hópi Evrópulanda sem innheimti einhverskonar menningarframlag telji ráðið farsælla að fara að fordæmi Svía, sem hafi ekki í hyggju að innheimta menningarframlag heldur hafi þess í stað lagt áherslu á að bæta rekstrarumhverfi innlendra miðla.

Í umsögn Viðskiptaráðs er á það bent að margar af þeim áskorunum sem veiki samkeppnisstöðu innlendra miðla séu heimatilbúnar. Þær felist til dæmis í séríslenskum kvöðum, meira íþyngjandi eftirliti og minni möguleikum til tekjuöflunar, t.d. hvað varðar auglýsingar.

Þá verði því ekki neitað að mati Viðskiptaráðs að menningarframlag geti haft neikvæð áhrif á samkeppni, sérstaklega á örmarkaði eins Íslandi. Það geti dregið úr áhuga erlendra aðila á að bjóða upp á þjónustu hér á landi og skert þjónustufrelsi um leið og hætt sé við því að streymisveitur velti kostnaðinum yfir á neytendur og því verði það í raun íslenskir neytendur sem beri kostnaðinn á endanum.

Viðskiptaráðs telur margar aðrar leiðir færar til að jafna samkeppnisstöðu innlendra miðla. Með því að létta á reglubyrði og afnema kvaðir sem gildi einungis um innlenda miðla væri samkeppnisstaða þeirra bætt til muna. Það væri bæði skilvirkari og áhrifaríkari leið en að auka kvaðir, flækjustig og skattheimtu þegar kemur að sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu.

Viðskiptaráð bendir á að í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er talað um „greiðslu“ menningarframlags í tengslum við umfjöllun um að allar streymisveitur sem standa skil á menningarframlagi skuli eiga þess kost að sækja um styrk úr úthlutunarsjóð. Þar sem allar líkur séu á því að innlendar streymisveitur standi skil á sínu framlagi með beinni fjárfestingu í framleiðslu telur ráðið nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um að réttur til umsókna skapist óháð því hvort um ræði fjárframlag eða fjárfestingu í framleiðslu.

Þá bendir Viðskiptaráð á að hvorki áform um lagasetningu né frummat á áhrifum frumvarpsins hafi verið birt í samráðsgátt á fyrri stigum málsins. Áréttar Viðskiptaráð mikilvægi þess að ráðuneytið fylgi reglum ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa.

Aðrar athugasemdir

Í umsögn *Sýnar hf.* er, auk athugasemda um fyrirbyggjandi frumvarp, á það bent að félagið telji nauðsynlegt að gera breytingar á 4. mgr. 4. gr. laga nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, sem hljóðar svo: „Auglýsinga- og fréttatengt efni, stuttmyndir, upptökur af íþróttaviðburðum og skemmtunum, efni sem fyrst og fremst er ætlað til kynningar á tiltekinni vöru eða þjónustu, svo og framleiðsla efnis sem fyrst og fremst er ætlað til sýninga í eigin dreifikerfi, skal eigi njóta endurgreiðslu samkvæmt lögum þessum.“ Sýn bendir á að ákvæðið hafi verið túlkað svo að þar sem Sýn reki eigin dreifkerfi eigi félagið í vissum tilvikum ekki rétt á endurgreiðslum skv. ákvæðum laganna. Leggur Sýn því til að hinn undirstrikaði texti verið felldur úr lagaákvæðinu.

Ekki fáist séð, að mati Sýnar, hvernig framangreindar takmarkanir á möguleikum Sýnar, sem rekur eigin sjónvarpsstöðvar og dreifikerfi, stuðla að markmiðum þeim sem fyrirhuguðu frumvarpi er ætlað að ná fram, þ.e. að efla íslenska menningu og íslenska tungu með því að hvetja til framleiðslu og styrkja framleiðslu á innlendu hljóð- og myndefni á íslensku, einkum nýjum, íslenskum kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og heimildamyndum. Markmið frumvarpsins sé einnig að auka aðgang almennings að innlendu hljóð- og myndefni á íslensku, sem er mikilvæg forsenda þess að unnt sé að standa vörð um íslenska tungu og íslenska menningu á litlu málsvæði. Sýn hf. bendir á að félagið hafi einmitt sett sér þá stefnu að leggja áherslu á framleiðslu og sýningu á innlendu gæðaefni, enda búi slíkt efni til aðgreiningu frá erlendum keppinautum og stuðli auk þess að fyrrgreindum markmiðum fyrirbyggjandi frumvarps.